**Umhverfisstofnun**
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Hvalfjarðarsveit
Laufey Jóhannsdóttir,
sveitarstjóri
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. október 2012
Tilvísun: UST20121000036/bs

**Háspennulína Brennimelur - Blanda, breyting á aðalskipulagi. Umsögn**

Vísað er til bréfs Umhverfis-, skipulags-og byggingarnefndar Hvalfjarðarsveitar dags. 5. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi vegna fyrirhugaðrar lagningar nýrrar háspennulínu í línustæði núverandi háspennulínu. Breyting verður á legu línunnar vegna útihúss á Eystra-Miðfelli og verður línan þar lögð nokkru vestar en núverandi lína og komið inn á núverandi línu hjá horni á móts við Vestra-Miðfell. Þaðan verður fylgt núverandi línu norður að sveitarfélagsmörkum.
Hér er um óverulega breytingu á legu frá núverandi háspennulínu. Möstur nýrrar línu verða nokkuð stærri en núverandi möstur og sjónræn áhrif samsvarandi meiri.
Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi þar sem breytingin felur einungis í sér aukið umfang mannvirkja sem þegar eru til staðar.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri

Björn Stefánsson